

**38. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,
Stillholti 16-18,
26. júlí 2016 og hófst hann kl. 11:30**

Fundinn sátu:

Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Þór Þórðarson varamaður, Karitas Jónsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurpórsdóttir fulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurpórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1604120 - Deilisk. Hafnarsvæði H3 - Krókatún 22-24

Deiliskipulag Hafnarsvæðis H3 vegna stækkunar byggingarreits við Krókatún 22-24.

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá og með 6. júní til og með 20. júlí 2016. Engar athugasemdir bárust. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun til umsagnar.

2. 1606051 - Deilisk. Skógarhverfi 2. áfangi, Baugalundur 14 og 16

Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt fyrir fasteignaeigendum við Baugalundur 12 og 18.

Eigendur Baugalundar 12 og 18 hafa undirritað samþykki sitt vegna breytinga á deiliskipulagi Skógarhverfis 2. áfanga.

Breytingin felur í sér að bindandi byggingarlína er færð 2,4m innar í lóðirnar við Baugalundur nr. 14 og 16, breytingin var grenndarkynnt samkv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagsbreytingin verði send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:00.

Rakel Óskarsdóttir
Stefán Þór Þórðarson
Karitas Jónsdóttir
Valgarður L. Jónsson
Kristín Sigurgeirsdóttir
Stefán Þór Steindórsson
Hafdís Sigurpórsdóttir